

Guðrún Gísladóttir
2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk
Spyrill: Lára Martin og Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir
DVCAM 180
© Krumma films ehf.

DVCAM 180

LM: Guðrún, viltu kynna þig og láta vita hvað þú vilt vera titluð í myndinni?

Mér er illa við titla, ég heiti Guðrún Gísladóttir, ég bý í Kaupmannahöfn í dag.

LM: Ja geturðu rakið í stuttu máli lífshlaup þitt og hvernig þú býrð og elskar í dag?

Já, góð spurning. Ég er fædd í Reykjavík 1954. Móðir mín hét Ingibjörg Jónsdóttir og faðir minn hét Gísli Guðmundsson. Ég er yngst af sex systkinum og eina stelpan. Ólst upp á Íslandi. Fór fyrst til útlanda þegar ég var sextán þegar við vinkonurnar, æskuvinkona mín Kristín fórum sem straupair til London. Þóttum sem við værum voða fullorðnar en kom náttúrulega í ljós að við vorum óttaleg börn. Sem maður er held ég allt lífið en það er nú önnur saga. Og síðan fór ég.. ja, bíddu við, ég var í Verslunarskólanum þá, tók svo verslunarpróf, fór að vinna og '77 11. september fór ég ásamt fyrrverandi manningnum og dóttur minni til fyrst til Kaupmannahafnar í sólarhring og svo til Svíþjóðar og þar var ég meira eða minna í tólf ár. Eignaðist aðra dóttur, varð ástfangin af norskukennaranum mínum í háskólanum, skildi við manninn, norskukennarinn var semsagt kona og hérna já það var '83 í mars, apríl. Hef alltaf verið feministi frá því ég var barn og þótti leiðinlegt að ballerínur í Jerome Robbins-ballettinum fengu ekki að dansa einar og hafði hátt um það í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma. Ég held ég hafi verið fjögurra eða fimm ára. Og fyrir það gaf Jerome Robbins mér silfurdollar sem ég er viss um að mamma og pabbi eyddu, ég á hann ekki lengur að minnsta kosti Þannig að um leið og og ég var eitthvað svona með fór í Rauðsokkuhreyfinguna fjórtán, fimmtán eða fór á fundi og þegar ég var komin til Svíþjóð þá fylgdist ég nú aðeins með. En eftir að ég skildi við manninn þá fór ég að fara á fundi hjá feministum og lesbískum feministum líka en ég var líka með í starfsemi RFSL sem eru Samtökin '78 í Svíþjóð. Það var stofnuð deild í Lundi um það bil þá. Og í alnæmisstarfinu þegar það kom. Og í Svíþjóð var ég svo í næstum því tólf ár þá fór ég til Íslands aftur. Og var bara að horfa þá svolítið á til dæmis feminista í hreyfingunni þá heima, Kvinnalistanum þá. Mér fannst þetta vera svolítil elítuhreyfing. Þetta voru svona háskóla konur mestmegnis og ég man ég skrifaði einu sinni bréf til Veru um það

Svona Fólk

og mér var eiginlega svarað út í hött. Ég var náttúrulega háskólamenntuð sjálf, það var ekki eins og ég væri að tala um þið og við eða ég og hinir. Nå. Heima var ég svo virk í Samtökunum. Svo var ég bara svo óheppin að veikjast. Og á í því enn. Hingað kom ég 1996. Dóttir mín elsta hún kom um svipað leyti hingað með kærastanum sem var að fara að spila blak hér og ári síðar kom sú yngri sem hafði verið með pabba sínum og flutti til mín. Síðan hefur bæst við barnabarn sem er náttúrulega the love of my life. Eða það er svona, hvað eigum við að segja, takmarkalaus ást á báða bóga og engin skilyrði. Ást er svo oft skilyrt en hún er það ekki í þessu. Ég veit ekki hvort að það breytist þegar hún vill fara að fá vasapeninga frá ömmu sinni, ég er ekki viss. Ég á kærustu og við erum svo lánsamar að búa í sama húsi en hvor í sínum uppgangi... heitir það uppgangur? Stigagangur! Stigagangi og að auki þá er hún í sumarhúsinu sínu á Jótlandi öll sumur þannig að þetta hentar mér og okkur báðum alveg ofboðslega vel. Að geta hist þegar við viljum, þurfa ekki endilega að gista, það er ekkert langt að fara en geta farið um miðja nótt ef það er það sem hérna við viljum og já það er afskaplega góð ást og ég er mjög elskuð. Af börnunum mínum líka. Ég finn það. Og mörgum vinum hér og þar. Það er kannski það eina sem... það er ekki það eina. Það eru margir kostir og gallar við það að vera lengi í burtu. Þetta eru orðin 28 ár í haust ef við drögum frá þessi fimm ár á Íslandi og svo tvö ár í Færeyjum meira og minna, að maður saknar en ég reyni að hugsa það þannig að ofsalega er ég lánsöm að eiga svona góða vini sem ég get saknað. Og þegar við hittumst þá er aldrei eins og við höfum verið langt í burtu, við höldum vináttunni við. Þetta er sem sagt ég. Já.

Ég fór að fara á Rauðsokkufundi þegar ég var í Verslunarskólanum. Contradiction in terms kannski ég veit það ekki. Ég hef verið sextán eins og góð kona sagði hérna áðan að maður leitar þangað sem maður heldur að maður þroskist. Og ég var svakalega ung. Ég vissi að þessi málstaður var minn málstaður en það var margt í umræðunni, ég held að þær hafi verið að lesa Engels og Marx og svona og ég botnaði voða lítið í því, ég skal viðurkenna það en málstaðurinn var minn málstaður. Og svo fór ég stundum á fundi hér og þar en ég var ekki virk. Ég var ekki í neinum hópum, ég fór bara og hlustaði og fylgdist með. Þegar ég lít aftur og horfi svo á það sem ég þekki af þessum hreyfingum á Íslandi, það var nefnilega ekki eins hérna á Norðurlöndunum það sem ég sá, þegar að þetta er, mér fannst sko þetta sem er núna kannski og var meðan

Svona Fólk

Kvennalistinn var og hér, í mínum augum var þetta elítuhreyfing. Ég held kannski á Íslandi að það sé erfitt að fá kannski konur úr öðrum þjóðfélagsþrepum til að vera með því þær eru bara hreinlega önnur kafnar við að hafa ofan í sig og á en það er eins og mig minni samt að þessar konur sem ég hugsa um þarna í gamla daga í Rauðsokkumhreyfingunni á áttunda áratugnum að það voru alls konar konur. Og ef að ég man eftir fjárhag Íslendinga og okkar sem bjuggum þar á þessum tíma þá var hann síst betri. Ég man hvað maður þurfti að vinna mikið. Ég man óðaverðbólguna. En þar voru sko konur úr öllum þjóðfélagsstéttum eins og ég man eftir því. En mér finnst það ekki lengur og mér finnst umræðan vera elítuumræða og það er sumt sem... þetta er svolítið eins og að vera á ákveðinni kreðs sem er að ræða málin saman og sumar spurningarnar sem að koma til dæmis á feministapóstlistanum, ég reyni að fylgjast með þar, sumar spurningar, þeim er ekki svarað. Og sumar bara svara: Svona er þetta og vertu ekkert að koma með aðrar skoðanir. Ég hef til dæmis aldrei nokkurn tímann inni á þessum póstlista séð umræðu um lesbíur, um samkynhneigðar konur og hvað þær eru eða hafa verið lítið áberandi hópur oft. Ég hef aldrei séð umræðu um tæknifrjógvanir, af hverju þær láta það ekki til sín taka. Láta til sín taka þar meinti ég. Vegna þess að ég held það hljóti að vera eina feministahreyfingin á Vesturlöndum þar sem að lesbíur eru ósýnilegar eins og þær eru á feministahreyfingu á Íslandi. Og þetta tala konur um frá Norðurlöndunum og Vesturlöndunum sem fara til Íslands og sjá. Hvar eru lesbíurnar? Þær þurfa ekki að vera lesbíur sjálfar, þær eru bara vanar því að lesbíurnar séu með. Bæði með og svo oft líka hópar fyrir sig. Og það er ekki nokkur manneskja sem hefur reynt að gera þessu skil almennilega sem ég veit til og hérna það má alveg leiðrétta mig í því en ég veit ekki til að þetta hafi verið rætt almennilega eða einhver hafi reynt að pæla í þessu. Og ég veit að það eru margar konur í feministahreyfingunni á Íslandi sem eru ósamkynhneigðar sem eru sammála mér.

Tepruskapur. Já það er orðið sem kemur upp. Þær eru teprur. Ég hef ekki... og maður fann það þegar maður var þar. Það voru ákveðnir sem að var hlustað á. Og ég er ekki að segja að mínar skoðanir hafi verið þær einu réttu, ég er að segja að maður fann oft fyrir því að það var bara ákveðin umræða í gangi á milli ákveðinna kvenna og svo voru aðrar sem að sko þær voru ekki inni, það er of djúpt í árina tekið að segja ekki inni í hlýjunni en þær voru ekki eins in. Ég er ekki bara að tala um mig.

Svona Fólk

LM: Gæti það ekki verið þeim sjálfum að kenna?

Nei nei, ég held ekki að það sé þeim sjálfum að kenna. Mér finnst þetta sama vera að gera á póstlistanum. Það er sumum svarað. Sko sum frjókorn sem detta þarna inn verða að blómum, sem sagt umræðu, en önnur ekki. Og sum þeirra eru, ættu virkilega að lenda í umræðu. Og hérna, ég held áfram að fylgjast með þessum feministalista vegna þess að mér finnst margt í umræðunni mjög gott. Mér finnst sko vera stormur í vatnsglasi en konur í Kvinnalistanum, við skulum segja að þær séu bí, sem að stundum sváfu hjá öðrum konum gerðu það í felum og bestu vinkonur þeirra vissu ekki einu sinni af því. Og ef það er minnst á það við þær, ég meina er hún ekki bí? Þá verða þær reiðar. Og meðan það er ennþá þannig að það veldur reiði að vera að spurja hvort einhver sé ekki, alveg eins og það er alltaf verið að... það er ennþá verið að tala um hættuna á að börn samkynhneigðra verði samkynhneigð og meðan það er ennþá verið að tala um þessa hættu þá er það í þeirra augum hættulegt. Skiptir það einhverju máli þótt börn samkynhneigðra verða homo eða hetero? Ég meina börn gagnkynhneigðra þau verða homo. Ég meina við sem hér erum til dæmis og flestir aðrir. Það eru bara sumir hlutir sem hefur ekki mátt ræða og mér er svo minnisstætt að það var kvennaráðstefna á Egilstöðum, og ég er búin að nefna þetta dæmi oft kannski allir orðnir hundleiðir á því. Þar var hérna kona, þetta var vesturnorræn kvennaráðstefna, hún spyr, það var svona pallborðsumræða þar sátu Kvinnalistakonur fyrir svörum, flokkurinn var enn til eða listinn. Hún spyr af því hún var í kvannahreyfingu sjálf og þar var stundum erfitt að taka á vandamálum og hún spyr: Hvernig takið þið á vandamálum innan Kvinnalistsans, hafiði einhverjar sérstakar aðferðir eða starfsreglur sem þið vinnið eftir þegar að það kemur eitthvað upp innan listans? Og hún sagði að þær hefðu setið þarna þrjár eða fjórar og horft hvor á aðra og flissað svolítið og sagt: Það koma aldrei nein vandamál upp hjá okkur. Við þurfum ekkert á því að halda. Sem er náttúrlega bara firra. Svo ég held að þetta sé, ég veit það ekki, Kvinnalistanum hérna varð ágengt um margt en ég held að hann hafi svolítið slátrað sér sjálfur. Ég held að það hafi ekki verið tímabært að hann hætti en sem feministahreyfing á Íslandi en eins og hann var starfandi þá átti hann ekki... þá var hann dauðadæmdur held ég. Til dæmis hvernig var stillt upp á lista. Mér fannst síðasti listi Kvinnalistsans til kosninga á Alþingi vera í hrópandi andstæðu við hvað

Svona Fólk

konur voru virkar, hvaða konur höfðu boðskap, hvaða konur voru þreyttar eða minna þreyttar og hefðu átt að fara út í annað eða nýjar koma inn. Mér fannst sárvanta nöfn á konum sem höfðu verið mjög virkar innan Kvinnalistsans í langan tíma, ég saknaði þeirra og mér fannst það sorglegt að hann skyldi lognast út af. Við sjáum það sjálfar að hann hefði átt erindi enn. Og í gær var stofnaður kvinnalisti í Svíþjóð af nöfnu minni Symann og fleirum. Tinu Rosenberg sem er queerfræðingur og lesbía. Ebba Witt-Bratströhm sem er bókmenntafræðingur og eftir því sem ég best veit líka lesbía og svona er kvannahreyfing allsstaðar, þar eru lesbíur sýnilegar. En þær eru það ekki á Íslandi og mér finnst að feministar á Íslandi ættu að hugsa sinn gang og spytja sig af hverju og ekki bara sópa þessu undir mottuna sem einhverju þvaðri í mér og fleirum.

Það sagði einu sinni við mig kona í Kvinnalistanum sem er alveg rétt en hún var ein af þeim sem var ógift. Ég held ekki að hún sé samkynhneigð, en það að vera gift karlmennum er soldið eins og að sofa hjá óvininum. Og það er mikið til í því. Ég held að sko lesbískar konur geti og öðlist þetta frelsi sem ég held að margar gagnkynhneigðar konur vilja fá. En þær taka sér það ekki. Þetta er spurning um að taka sér það. Það kemur náttúrulega ekki frá öðrum. Við þurfum að taka okkur frelsið, við þurfum að taka okkur valdið og fara vel með það, en fyrst þurfum við að taka vald yfir okkar eigin lífi. Og ég man stundum þegar maður var að horfa á þær og hlusta á þær þessar sem voru kannski svolítið yngri og voru með börn að það var ennþá voða mikið sama verkaskiptingin á heimilunum. Samtímis og þær voru að segja frá veiðitúrum karlanna upp um holt og heiðar þá höfðu þær ekki tíma til að, eða þær tóku sér ekki tíma til að sinna sínum áhugaefnum fyrir utan kannski að starfa í Kvinnalista eða feminismanum, en það ég hef ekki tíma til að fara í eða gef mér ekki tíma til að fara í leikfimi eða ef þær höfðu stundað íþróttir áður eða farið í dans eða hvað þær höfðu áhuga á. En það aftraði ekkert körlunum þeirra. Og ég er alls ekki konan sem vill kenna körlum um eða neinum. En ef að konur ætla að bíða eftir að karlarnir taki sig saman í andlitinu þá þurfa þær kannski að bíða lengi. Og það verður heldur ekkert frelsi í því að bíða eftir að fá það frá öðrum.

Ég held... þetta er svo erfitt í tíma sko hér eru stofnuð samtök '48 og það er '78 á Íslandi. Stofnandi Samtakanna sagði okkur að þau voru tvískipt fyrst en hann vildi

samvinnu samt. Voru tvískipt semsagt voru hommar annars vegar og lesbíur hins vegar undir sömu regnhlíf. Ég er þess fullviss að vegna þess að kvennahreyfing á Norðurlöndum og annarsstaðar já í Þýskalandi, Hollandi, Frakklandi sem sagt vestur Evrópu, af því lesbíur voru svo sýnilegar þar og þær voru að berjast fyrir mannréttindum sem náttúrulega kvenréttindi eru og okkar réttindi eru mannréttindi þá held ég að það hafi gefið auga leið að gaf þeim byr undir báða vængi að vinna líka að þeim réttindamálum. Og það hafa miklu fleiri gagnkynhneigðir unnið að réttindamálum samkynhneigðra á Norðurlöndum en hefur verið á Íslandi. Það eru ekkert margir sem hafa komið að þeirri sögu aktíft. Og þeir eru svo fáir að það eru sko móttökunefndir sem bíða fyrir utan einhvern skáp sem þau halda að sé til, af því þetta er svo óvenjulegt, þá bara hlýtur bara að vera einhver lesbía eða einhver hommi. Og komdu bara út úr skápnum og við bíðum hér. Þannig var þetta ekki hér eftir því sem ég þekki það, eftir því sem ég sá það. Þá af því að lesbíur voru svo sjálfsagður hlutur af Kvennahreyfingunni þá var ekki verið að sortera á sama hátt. Þær voru jú með sína hópa í sumu. En það var ekki barátta á milli og það var ekki þannig að feministarnir sem voru gagnkynhneigðir voru að... ja ekki að reyna að sko hvað eigum við að segja? Það þótti sjálfsagt mál að ræða líka þessi réttindi og var gert og ég held absolút að réttindabarátta kvenna hér á sjöunda og áttunda áratugnum, áttunda og níunda, hún hafi skilað sér í baráttu lesbía fyrir sínum réttindum og gera þær sýnilegri. Og líka í Noregi. Svíþjóð þar hefur sýnileiki lesbía ekki verið alveg sá sami sko innan hjá RFSL það hefur bara átt einn formann sem var kona. Og þegar hún átti að tjá sig um, og þetta getiði lesið um í þíkusögum nei þíkutorfunni fyrirgefiði, að þegar hún á að nefna þau aðalatriði sem hún vill berjast fyrir þá er sýnileiki lesbía ekki einn af þeim. Það eru önnur mál. Þannig hefur það ekki verið í Noregi til dæmis. En lesbíuhreyfingin í Svíþjóð er ofsalega sterk. Þær eru hreinlega allsstaðar. Ég var þar fyrir ári síðan þegar fem-camp bókin kom og hérna alveg ofboðslega fannst mér spennandi og skemmtilegt að sjá hvað þær eru áberandi, skeleggar og hluti af feministahreyfingunni. Sést best á þessum stofnarfundum í gær. Það stendur Guðrun Schuman og farið á blöðin og kíkíð á þau og Tina Rosenberg við hliðina á henni sem að ég vona að allir viti hver er. Queer vísindakona í Svíþjóð.

Rannveig Traustadóttir situr í stjórn, hún hefur verið ein af þeim er það ekki. Ekki meðan ég var heima því hún var ekki komin til sögunnar þá en mér sýnist það. Það eru til alþingismenn sem finnst þessi barátta sjálfsögð. Mér hefur nú skilist að það sé ekki alltaf eins og Samtökin '78 vilji hafa viðhorf þessa alþingisfólks en það er ekki hægt að stjórna öllum og aðferðir eru misjafnar. Kvinnalistinn var á sínum tíma held ég sá stjórn mála flokkur sem að fyrstur lét réttindi samkynhneigðra inn í stefnuskrá og stóðu fyrir þingsályktunartillögu. En það er ef einhver finnst þetta skjóta skökku við það sem ég sagði áðan þá er eitt að standa sem pólitískur flokkur og tala um réttindi hópa og annað er í hvunndeginum kannski innan veggja flokks að leyfa hlutunum að vera sýnilegri. Eða lesbíunum. Ég vona að það misskilji það enginn þannig að ég sé bara að tala um mig. Sem ég er ekki að gera.

Norðurlöndin hafa haft svo gott samstarf í svo marga áratugi og það hafa verið í samningnum sem við gerðum á milli okkar er kveðið á um að lög í öllum löndunum skulu vera sem líkust. Réttindi fólks innan landanna skulu vera sem líkust. Ekki eins en sem líkust. Og þetta hefur til dæmis hreyfing samkynhneigðra á Norðurlöndunum notað sem ísbrjót. Að þegar að lög um, þegar að eitt landið hefur gengið skrefi framur en hin þá höfum við notað það. Sko nú eru Danir komnir semsagt með þessa staðfestu samvist og vegna þess að nú höfum við þessar samþykktir og við höfum þetta og þetta þá er náttúrulega ekki nokkur ástæða til annars en að við höfum það líka. Og sömuleiðis hefur þá Norðurlöndin notað þá eftir '96 eftir að við fengum okkar staðfestu samvist og gengum örlítið lengra í ættleiðingarmálum að þá gátu þau lönd notað það. Og ég held að það hafi skipt miklu máli og það skiptir líka ofboðslega miklu máli fyrir okkur Íslendinga þar sem hópurinn var ekki stór að hafa samband við Norðurlönd og fá stuðning og fylgjast með því sem er verið að gera. Og Norðurlandaráðsþingin sem voru alltaf haldin að hausti ár hvert skipti gífurlega miklu máli. Nú er í Danmörku, Svíþjóð og Noregi Evrópumála áhuginn ofaná hjá mörgum en ekki öllum. Það hafa margir þennan Norðurlandaáhuga ennþá en hvort að það geti gerst eitthvað... mér skilst að Danir hafi reynt að efna til Norðurlandapings homma og lesbía aftur fyrir tveimur árum. Ég held að það hafi ekki gengið mjög vel. Það varð ekkert úr því. Ég held bara að skipti okkur öll gífurlega miklu máli og ekki síst okkur Íslendinga. Aftur á móti hefur ekkert gerst í Færeyjum. Þau fá enn ekki að staðfesta samvist. Það er ekkert og þau lög sem

varða samkynhneigða frá Danmörku sem fara yfirleitt upp til Færeyja og fara í gegnum þingið, þau eru felld. Ég meina það kom ekki jafnréttislöggjöf í Færeyjum fyrr en fyrir tíu árum síðan. Hún var sko felld og felld í stjórn þegar hún kom fyrst upp einhverjum árum áður og þegar hún var loks samþykkt, sem minnir að hafi verið '94, þá var hún með einu atkvæði. Það þurfti að sækja þá manneskju út í bæ til að það væri pottþétt greitt það atkvæði sem vantaði.

LM: Hvað veldur þessu?

Fordómar.

Þetta er ofboðslega lítið samfélag. Og það hefur bara verið ofaná að samkynhneigð er ljótt og vont. Það fólk skyldi bara annað hvort bara hafa hægt um sig eða far til Danmerkur og vera þar. Öll þessi trúarsamfélög í Færeyjum þau halda þessu við og sko mér sýndist í einu eða tveimur tilfellum að meira að segja predikarar sem þóttu sko ganga lengra en allir aðrir, þeir gátu uppskorið lófaklapp í Færeyjum. Anti-fóstureyðingar prestar og annað fólk. Var tekið tveimur höndum af þessum hópum. Ekki þjóðinni sem slíkri í heild sinni en þessum hópum. Ég held þetta sé bara spurning um að fólk þori ekki. Hommarnir og lesbíurnar þau flytja til Danmerkur og búa hér.

Sá fyrsti sem ég hugsa um það er Guðni Baldursson. Kannski vegna þess að hann var pólitískur og hann vildi... mér fannst þær áherslur, ég man ekki söguna svo gjörla en ef ég reyni að rifja upp þá fannst mér hann sko vilja þá hluti sem kannski samræmast mínum skoðunum. Og það eru lagaleg réttindi. Sko þó ég hafi ekki þörf fyrir að gifta mig þá finnst mér að samkynhneigðir og aðrir hverjir sem þeir eru í þjóðfélaginu eigi að hafa sömu réttindi. Að þjóðfélagið eða löggjafinn hafi ekkert leyfi til að mismuna fólki sökum kynhneigðar. Það hefur ekki nokkur manneskja sannað það af hverju það ætti að vera þannig. Það hefur enginn komið með góða skýringu á því af hverju ætti að mismuna okkur. Ég held að guði sé sama ef að hún er til eða hann. Börnunum finnst það hvorki betra né verra, þetta eru foreldrarnir og í öllum fjölskyldum er einhver sem er öðruvísi en hjá einhverjum öðrum og þá er bara hugsað: Þetta er aðeins öðruvísi. Og að vera öðruvísi er ekkert vont. Ég er ekki að tala um að vera öðruvísi þurfi að vera að

Svona Fólk

sem sagt einhver vond öfl í gangi í þeirri fjölskyldu en það er bara alltaf einhver öðruvísi í öllum fjölskyldum. Og í lesbískum fjölskyldum og í hommafjölskyldum þá er það það sem er kannski öðruvísi. Og það er það sem að gerir samfélagið að betri stað að vera í er að fólk fær að vera það sjálf og vera þá öðruvísi á einhvern hátt. Því við erum ekkert eins og í öllum þessum kössum sem á að vera setja okkur í. Og samkynhneigðir eru jafn sekir um þetta eins og aðrir að hafa fordóma og eru að reyna að aðlaga sig og ekki segja hverjir þeir eru. En þá að Guðna. Þorvaldur hefur líka unnið ofboðslega mikið starf en ég byrjaði samt á byrjuninni. Ég held að hún sé alltaf erfiðust. Það er alltaf auðveldara að taka við taumum heldur en að setja taumana á hestinn. Beislið. Ég held að saga Samtakanna sé svolítið góð saga. Ég held hún sé lánsöm. Það hefur komið að þessari sögu alveg ótrúlega stór hópur fólks miðað við hvað landið er stórt sem hefur unnið gott starf og ég held að það hafi verið unnið ofboðslega stórt starf innan Samtakanna sem er ekki sýnilegt. Og það hefur verið rifist og fólk hefur hætt í stjórnun og verið krísur en mér sýnist það hafi alltaf verið unnið úr þeim. Nú má alveg leiðrétta mig, ég er svo langt í burtu orðið, en það sem mér sýnist er að það sé ekki sko, það er ábyggilega einhver krítur en ég held hann sé ekki alvarlegur. Ég hef ekki trú á því. Og eitthvað er gott innan Samtakanna sem er ekki í mörgum öðrum samtökum það er hvað margar konur hafa verið formenn. Í Svíþjóð hefur bara verið ein kona formaður. Ég veit ekki hvort það hefur verið ein í Danmörku og svo einhverjir varaformenn. En í Noregi minnst kosti tvær. Hvað er á Íslandi fjögur nöfn?

LM: Hver er munurinn á starfi kvennaformanna og karla? Áherslumunur, er einhver áherslumunur?

Ég horfði á hann Svan Kristjánsson um daginn í silfri Egils hérna á netinu og hann var einmitt að tala um mismunandi stjórnunarstíla sem sagt kvenlegan og karllegan. Og hann nefndi þá konur og karla. Ég held það séu til konur sem geta stjórnað á karllægan hátt. Sem sagt hann sagði að konur stjórna og þjóna fólkinu. Karlar nota valdið öðruvísi. Ég held að það sé svolítið satt innan Samtakanna. Þó ekki án undantekninga. Það er alltaf mín von sko... maður sér það, Samtökin eru orðin voða stór og sterk á Íslandi. Það gerðist í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þetta voru orðnar stofnanir. Það er eitthvað sem að... minn draumur er að það sé hægt að leggja þau niður. Við þurfum ekkert að

Svona Fólk

hafa Samtök fyrir okkur. Við getum lagt niður þau og við getum lagt niður fánann og við getum munað eftir sögunni og við getum verið varkár. En mér finnst ekki að sko... ég sá bara hvernig fór fyrir þeim í Svíþjóð... það fór allt á hausinn af því það var búið að fara út í svo mikla starfsemi að þú þarft bæði fjármagn og starfskraft til að halda því gangandi og það er... maður þarf að fara ofsalega varlega. Maður getur ekki treyst á að það sé alltaf til fólk sem getur unnið störfin. Eða það sé til fjármagn til að halda því gangandi og hérna við erum náttúrliga snillingar í að redda við Íslendingar þannig við ættum nú að redda flestu fyrir horn. En ég vona að það þurfi ekki að koma til þess. Og ég vona að samtökin beri þá gæfu að geta lagt sig niður einhvern daginn og að til dæmis rannsóknarverkefni um þetta fyrirbæri geti þá verið innan veggja annarra stofnana og fléttast saman við önnur fræði en ekki við ein og sér. Heldurðu að það sé hægt að rannsaka söguna og kíkja á þetta skrítna fólk að það sé ekki bara hommar og lesbíur sem hafa áhuga á að gera það heldur aðrir líka. Að það haldi áfram og við getum svo einn góðan veðurdag, þegar ég er orðin langamma getum við lagt Samtökin niður. Ekki vegna þess að það var ekki friður. Ekki vegna þess að við höfum ekki efni á að starfa heldur vegna þess að við þurftum ekki að vera til lengur. Það er minn draumur. En það er ekki enn.

Það á að kanna, það átti að kanna stöðu homma og lesbía á Íslandi. Það tók nú rúmt ár frá því það var búið að samþykkja á þingi að það ætti að setja þessa nefnd á laggirnar. Það var eins og það vildi enginn setja fingurna í þetta og svo var það Davíð Oddsson sjálfur sem kom þessu af stað og maður sá það á þeim sem... þetta var ekki þung nefnd. Þetta voru ekki neinir háir herrar eða konur í ráðuneytunum sem sátu í henni. Og það var mikil homophobia í gangi. Ekki síst hjá formanni nefndarinnar. Og það fóru mánuðir og margir fundir í það að geta bara rætt um þetta á þeim grundvelli sem það þurfti að vera á. Formaður nefndarinnar reyndi hvað eftir annað að finna samanburðarhóp í þjóðfélaginu og heiminum. Ég man eftir gyðingum sem voru þá teknir sem mögulegur samanburðarhópur og ég man eftir grænmetisætum og kannski það sem gyðingarnir ættu aðeins þeir voru þó fæddir svona... grænmetisætur, ég veit ekki hvort maður er fæddur til þess að vera grænmetisæta? Það er önnur saga. Og það voru einhverjir hópar sem voru taldir upp og rætt af hverju þeir væru það eða væru ekki sko. Þessi umræða átti náttúrliga bara ekkert að vera til. En hún var þarna. Svo er það

Svona Fólk

einn daginn sem nefndarmaðurinn, kona, kom aðeins of seint og þetta spjall er í gangi eina ferðina enn. Samanburðarhópsspjallið. Og hún kemur og sest beint á móti mér og ég segi við formanninn: Ég er búin að finna samanburðarhópinn. Hann situr þarna. Og þessi kona, mér þótti vænt um hana, hún var ekki slæm bara svona sem manneskja. Og hún hafði náttúrliga heyrt umræðuna og sumir hefðu nú hrokkið í kút hvort það ætti að fara að væna hana um eitthvað ljótt. En hún sat þarna keik og brosti og já sagði hún, það er rauðhærða fólkið. Það er samanburðarhópurinn. Og þá föttuðu sumir af nefndarfólkinu að vá hvað þetta er hallærisleg umræða. Ég sagði: Þið eruð fædd svona, þið lendið fyrir aðkasti, ég meina þið getið reyndar litað á ykkur hárið en það vex aftur. Við getum reynt að fara í felur en við þurfum að koma út og upp úr því þá var þessi umræða búin. Og ég held að það sjái það allir á skýrslunni sem nefndin gaf frá sér að, sko ég veiktist svo og þurfti að fara í uppskurð og vildi vera viss um að þarna gæti einhver mætt. Og vissi að ég gæti ekki mætt svo Lana Kolbrún tók við og hún og Guðni eru með margar athugasemdir og eru ekki sammála nefndarálitinu. Og ef þið hafið það í huga þá getið þið ímyndað ykkur hvernig þessi nefnd var þegar hún byrjaði. Það var ekki gaman sko. Þannig að það var bara valið eitthvað fólk úr, bíddu, dómsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og formaðurinn ofan úr háskóla. Ég get ekki ímyndað mér að það hafi neitt verið athugað um viðhorf þessa fólks til samkynhneigðra fyrst. Heyrðu við erum einhver nefnd og það eru laun fyrir það og gætir þú hugsað þér að vera í henni? Þau höfðu engar skoðanir fyrirfram, nei þetta er ekki rétt, spólum til baka... Þau höfðu ekki gert sér mikið af hugmyndum, jákvæðum eða raunverulegum, nei raunhæfum hugmyndum um samkynhneigða. Þau vissu ekkert. Það getur vel verið að einhver segi bara: Nú, það er nú bara gott. En þau voru með fordóma. Það hefði verið betra að kíkja á ráðuneytin og spyrja: Er einhver hér sem að getur hugsað sér, vegna þess að þú hefur gert þér hugmyndir um og finnst að eigi að kíkja á réttindi homma og lesbía. Ég hef ekki trú á því. Það tók svona langan tíma að setja þessa nefnd vegna þess að það voru svo miklir fordómar. Það vildi enginn gera það. Það vildi enginn hafa fingurna í þessu. En svo náttúrliga var þeim ekki stætt á að bíða lengur vegna þess að það var liðinn svo langur tími. Löggjafamátturinn við Austurvöll hafði sagt að þetta ætti að gerast. Það var það. En það hafðist nú ýmislegt.

Það voru ýmis ævintýri sem maður lenti í sem að eru eiginlega bara sköndin núna. Þetta er svo grátbroslegt. Það kom einhver sérfræðingur í brunamálum til Íslands og hélt fyrirlestur þar. Á Brunamálastofnun, ég vona að ég sé að fara rétt með sko hvað stofnunin hét en þetta sko. En sem sagt fyrirlesarinn segir meðal annars að pyromanar, brennuvargar séu oft kynferðislegir pervertar. Og það var greinilega samasemmerki með brennuvargar eru sexual pervertar eru hommar og lesbíur. Það vorum við. 22 voru þá sem sagt í góðum gír og það hafði verið gert eftirlit á staðnum sko stuttu áður. Við erum að tala um einhverjar vikur, kannski mánuð eða tvo og ekki miklar athugasemdir og smávægilegar. Og þáverandi eigandi 22 sögðu einmitt að það væri ekkert vont að eiga við þetta fólk og þau væru ekkert með leiðindi þó það væru þarna mikið hommar og lesbíur. Nema það að svo kemur fyrirlesarinn og þá er náttúrliga fólk hjá Brunamálastofnun sem tekur við sér og ábyrgðartilfinningin vex í þeim og þau mæta á staðinn til að gera nýja úttekt. Og gera þrjár athugasemdir og þær voru svo alvarlegar að staðnum var lokað. Fyrsta athugasemd var sú að ljósaperan í herna... pósturinn. Saved by the bell. [Stendur upp og nær í póstin] Noh einhver bók í ferðalagið. Fyrsta athugasemdin var sú að ljósaperan í EXIT, sem sagt neyðarútgangsskiltinu uppi á efri hæðinni, hún var ekki nógu sterk. Ekki nógu mörg vött í henni. Það var pera sko, hún hefði ekki lýst í gegnum reykinn. Númer tvö var að það hafði verið, það var sko þriðja hæð á þessu húsi, partíhæð og skrifstofur og eitthvað og það hafði nýlega verið skipt um lás í þar hurð og sílynder verið færður og það var gat í hurðinni svona eins og gamall fimmkall. Það var mikil hætta sem stafaði af því. Þetta var athugasemd númer tvö og sú þriðja var að það voru svartir plastpokar liggjandi fyrir utan dyrnar í portið og hefði getað sagt þeim það sjálfir að fyrst þeir lágu fyrir utan dyrnar að nema þú sért Munchausen og fljótur að loka á eftir þér að þetta kom ekki frá þeim. Þú getur ekki hent pokunum þarna og lokað hurðinni á eftir. Þetta lá alveg við. Var það ekki Hamborg sem var þarna þá? Þetta eru náttúrliga sko smáatriði en staðnum var lokað. Og ég er þá formaður og einhver vissi það að það mátti halda privatveislur á bara boðsgesti eða meðlimi. Og við sækjum um að fá að halda, ég held að Einar Örn hafi verið einn sem sótti um að fá að halda partí á föstudegi og ég sæki um að fá að halda eitthvað á laugardegnum og ég mæti svo upp til lögreglustjóra, lögfræðings, sem sagt fulltrúa hjá lögreglustjóra og mér hefur... mín reynsla hefur verið sú að það getur verið mjög gott að klæða sig svipað og þetta fólk sem að maður er að fara að eiga við svo maður sé ekki

Svona Fólk

eitthvað öðruvísi þannig að ég mætti þarna bara svona lögfræðingsleg í Burberryfrakka og einhverju fleiru og sest hjá henni og hún byrjar á því að fara bara næstum á taugum bara við að ég kynni mig og segi hver ég er. Bíddu aðeins segir hún og svo tekur hún símtólið upp og: Ætlarðu að koma aðeins hingað. Bara eins og maður sé komin í mafuna eða bíómynd. Og þá kemur einhver undirlögfræðingur sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og situr þarna þennan fund og sagði lítið en augun stækkuðu. Því þessi kona sem var lögfræðingur hjá lögreglustjóraembættinu hún var bara ekki með öllum mjalla. Hún var svo gegnsýrð af homophobíu, kannski var hún lesbía í felum, það er nú oft þannig, að ég vissi ekki hvort ég átti að hlæja eða gráta þegar ég fór út. Leyfið fengum við náttúrlega ekki. Stefán Jón Hafstein hafði húmor fyrir þessu og spurði hvort ég væri ekki svolítið svekkt yfir því að nú væri á endanum komið upp í beinni útsendingu í útvarpinu að við værum öll pyromanar. Ég sagði jú, þetta gerir baráttuna náttúrlega miklu verri þegar þetta er komið í ljós. Það kom í ljós var mér svo sagt seinna að sá maður, ég veit ekki hvort það eru tveir sem gera brunaeftirlitið eða þessa úttekt, hafði farið í frí og þá höfðu hinir séð tækifærið birtast til þess að loka þessum stað. Sódóma og Gómorea eins og við kölluðum það stundum. Ná, ég man ekki hvort þetta voru ein eða tvær helgar eða hvað það var en svo hérna sáu þeir að sér. Eða hvort þetta var lagað til. Keypt sterkari ljósapera og sett spartsl í gatið og öskukallarnir hafa náttúrlega náð í svörtu pokana. Já, það var hérna þá.

Jú, um sögur. Ég held að uppáhalds sagan mín sé sagan um manninn sem hringdi í hana Jónínu Leósdóttur sem að þá var ritstjóri Pressunnar en hún hafði látið einn af sínum blaðamönnum gera viðtal við mig. Opnuviðtal. Og það var um eitthvað af því var persónulegt bara um mig og hver ég var og svo um pólitík og eitt og annað. Og það hringir í hana maður sem kynnir sig og með nafni og segist víst vera heildsali í Reykjavík að hann skilji ekkert í því að hún sé að láta birta svona viðtöl í Pressunni. Hvað meinarðu, segir hún. Já, hvað varðar lesendur Pressunnar um kynlíf lesbía? Og Jónína náttúrlega segir: Bíddu, ég er búin að lesa þetta viðtal og Guðrún talar ekkert um kynlífið sitt. Nei, en maður getur rétt ímyndað sér allt um það. Og Jónína sagði mér að hann hefði greinilega ekki áttað sig á því að hann hafði talað af sér. Að þetta voru náttúrlega hans hugarórar. Þannig að ég hugsa stundum ég kann nefnilega aðra svona

sögu sem tengist svona hugsanahætti sko og ég ætla ekki að hafa hana eftir fyrir framan... hún er svona persónulegri.

Hommar og lesbíur, ekki bara á Íslandi heldur hér, þau tala sko... það er alltaf verið að tala um kynlíf. Að þetta er svolítið óheppilegt að þetta heiti sam-kynhneigður eða homo-sexuel að þá er hugur fólks alltaf komið þangað og það er alltaf sagt: Hvað varðar mig um kynlíf annarra? Við erum að tala um tilfinningar. Ég meina það er fullt af hommum og lesbíum sem eiga ekkert kynlíf. En þau eru hommar og lesbíur. Það er fullt af hommum og lesbíum sem eiga kynlíf. Það er fullt af heterofólki sem eiga voða lítið kynlíf. En þau verða ástfangin, svo er hún kannski ekki endurgoldin. Svo getur fólk orðið ástfangið og kynlífið er búið eða hvað það nú er sem gerist.

Já, í mínum augum. Það hefur þá aldrei hvarflað að mér að það sé eitthvað mál. Ég veit það ekki. Þú meinar að fólk sem er með fordóma gagnvart lituðu fólki nú eða hvítu því það eru líka fordómar þar, að það fari þangað, í rúmið eða sófaborðið eða eldhúsbordið eða hvað það nú er? Ég hef sjálf aldrei hugleitt það þannig. Það getur vel verið. Það er bara minn einfaldleiki að hafa aldrei hugleitt það þannig.

Ég held að slaufan og það sem verður alltaf áfram er einstaklingsbaráttan. Við sjálfan sig og við fjölskylduna. Ég sé það á minni fjölskyldu. Ég skildi '83. Ég hef aldrei getað sagst hafa komið úr felum því ég vissi það ekki. Það var aldrei talað um neitt svona heima hjá mér. Ég vissi það ekki fyrr en ég verð ástfangin af þessum kennara og þá auðvitað! Auðvitað var það þetta. Ég hef aldrei búið, áður en ég skildi hef ég aldrei búið að ég væri að fela einhverja ást á einhverjum konum, það sem ég meina með að vera í felum. Ég hef aldrei verið þar. Og þetta er endalaus barátta, hún verður það alltaf. Maður finnur það bara ef maður er ekki í sambandi hvað það er auðvelt að velta, láta það eiga sig að, leyfa því bara að fara framhjá. Það skiptir ekki máli. Og ég geri það enn að, æ það skiptir engu máli hvort þessi eða þessi veit það, þetta er manneskja sem ég hitti einu sinni. Ég geri það ekkert alltaf en ég finn að það kemur fyrir. Ég held að það sé einstaklingsbaráttan sem við eigum eftir. Meðan við enn erum að tala um við og þið. Meðan við enn erum sífellt að ganga út frá því sem vísu að flestir aðrir séu gagnkynhneigðir. Það held ég að sé erfiðasta starfið. Og ég sé það á fjölskyldu minni

Svona Fólk

að það eru margir sem finnst þetta grúterfitt. Þeim finnst það ekkert fyndið þegar bróðursonur minn eignast kærustu á svipuðum tíma og ég að þá kemur í ljós að hún er frá Hollandi og kærastan mín er hálfur Hollendingur og ég segi mín líka, og þú veist það hlær ákveðinn hópur og ég segi: Hvað heitir hún? Og hann segir mér hvað hún heitir og ég segi: Og mín líka og þá náttúrllega hló þessi hópur sem hló ennþá hærra því þá var þetta ennþá meira fyndið, en það voru ansi margir sem bara hlógu ekki neitt og fannst þetta bara: Oh! Einu sinni enn! Getur þetta ekki bara fengið að vera þarna. Miklu betra að hafa hana bara úti í Kaupmannahöfn. Þannig að það er sko, það hefur ofsalega margt áunnist en erfiðasta baráttan held ég að sé einstaklingsbaráttan og fólk þori. Og fjölskyldur þori. Og þetta er ekkert það eina sem er afneitað. Fjölskyldur afneita barnaníðingum og fjölskyldur afneita alkóhólisma og fjölskyldur afneita svo miklu. Ég meina ekki barnaníðingum, hvað ætlaði ég að segja? Sifjaspellum. Það var það sem ég ætlaði að segja.